

367. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, þriðjudaginn 10. febrúar 2025 kl. 16:00.



Mætt: Lárus L. Blöndal forseti, Hörður Þorsteinsson gjaldkeri, Daníel Jakobsson, Hafsteinn Pálsson, Hjördís Guðmundsdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs.

Á Microsoft Teams: Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Kári Mímísson og Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir.

Forföll: Elsa Nielsen, Garðar Svansson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Valdimar Leó Friðriksson og Viðar Garðarsson.

Fundinn sátu einnig Vésteinn Hafsteinsson afreksstjóri og Kári Steinn Reynisson afeksstjóri ÍSÍ.

Dagskrá:

1. Erindi til ÍSÍ

- Bréf frá formanni Aþenu, íþróttafélags

Formaður Aþenu, íþróttafélags sendi öllum í framkvæmdastjórn ÍSÍ bréf varðandi ályktun ÍSÍ gegn ofbeldi í íþróttahreyfingunni.

Lögð fram drög að svarbréfi til félagsins.

Samþykkt að svara erindinu með þeim hætti sem fram kemur í framlögðum drögum. Skrifstofu falið að afgreiða frágang bréfsins og útsendingu.

Úlfur H. Hróbjartsson vék af fundi þegar hér var komið við sögu.

2. Tillaga Afrekssjóðs ÍSÍ um úthlutun viðbótarfjármagns

Daníel Jakobsson formaður Afrekssjóðs ÍSÍ fylgdi úr hlaði tillögu að úthlutun viðbótarfjármagns til afreksstarfs sérsambanda ÍSÍ. Hann minntist á mikilvægi þess að viðbótarfjármagn hlaust frá stjórnvöldum fyrir sérsamböndin og alla íþróttahreyfinguna. Um væri að ræða algera umbyltingu og þakkaði hann Vésteini og öðrum sem börðust fyrir þessari aukningu sérstaklega fyrir þeirra þátt í málinu.

Daníel fór yfir aðferðarfræðina og þær grunnforsendur sem útreikningur úthlutunarinnar byggir á að þessu sinni. Hann fór líka yfir ákvörðun um stuðning við Knattspyrnusambands Íslands í þessari auka úthlutun en það fjármagn er stuðningur við fjölgun landsliðsverkefna fyrir yngri landslið sérsambandsins.

Alls lagði Afrekssjóður ÍSÍ til að úthlutað yrði til sérsambanda 299.917.326 milljónum króna af 637 milljón króna viðbótarframlagi ríkisins og skiptist úthlutunin á eftirfarandi hátt milli sambanda:

SÉRSAMBAND		UPPHÆÐ
HSÍ	Handknattleikssamband Íslands	54.277.508
KKÍ	Körfuknattleikssamband Íslands	30.668.372
FSÍ	Fimleikasamband Íslands	28.387.403
KSÍ	Knattspyrnusamband Íslands	24.600.000
SSÍ	Sundsamband Íslands	16.300.640
SKÍ	Skíðasamband Íslands	15.108.163

ÍF	Íþróttasamband fatlaðra	12.349.065
GSÍ	Golfsamband Íslands	12.030.091
FRÍ	Frjálsíþróttasamband Íslands	9.491.334
LH	Landssamband hestamannafélaga	9.353.914
BFSÍ	Bogfimisamband Íslands	9.297.742
ÍHÍ	Íshökkísamband Íslands	8.431.094
KLÍ	Keilusamband Íslands	7.640.010
BLÍ	Blaksamband Íslands	7.241.460
LSÍ	Lyftingasamband Íslands	5.902.702
STÍ	Skotíþróttasamband Íslands	5.741.877
BSÍ	Badminton samband Íslands	5.653.942
SKY	Skylmingasamband Íslands	3.992.532
DSÍ	Dansíþróttasamband Íslands	3.740.000
HRÍ	Hjólreiðasamband Íslands	3.444.859
KÍ	Klifursamband Íslands	3.282.697
TKÍ	Taekwondosamband Íslands	2.801.226
JSÍ	Judosamband Íslands	2.785.177
KAÍ	Karatesamband Íslands	2.510.003
MSÍ	Mótorhjóla- og snjósleðaiþróttasamband Íslands	2.471.886
ÍSS	Skautasamband Íslands	2.068.654
ÞRÍ	Þríþrautarsamband Íslands	2.036.556
TSÍ	Tennissamband Íslands	1.948.286
BTÍ	Borðtennissamband Íslands	1.737.643
KRA	Kraftlyftingasamband Íslands	1.550.000
SÍL	Siglingasamband Íslands	1.360.490
HNÍ	Hnefaleikasamband Íslands	1.200.000
AKÍS	Akstursíþróttasamband Íslands	512.000
	Alls:	299.917.326

Ofangreind tillaga Afrekssjóðs ÍSÍ um úthlutun til sérsambanda var samþykkt með níu atkvæðum viðstaddra stjórnarmanna. Kolbrún Hrund fór af fundi áður en til atkvæðagreiðslu kom um tillöguna vegna annarra skyldustarfa.

Fundarmenn lýstu yfir ánægju með vinnu sjóðsstjórnar og útfærslu verkefnisins. Samþykkt að senda út til sérsambanda yfirlit yfir allar úthlutanirnar og eins upplýsa um allar forsendur sem notaðar voru til útreiknings.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.
Halla Kjartansdóttir, fundarritari.